



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Tjaldstæðið í Laugardal

Á fundi borgarráðs 9. maí 2019 var samþykkt fyrirkomulag varðandi rekstur tjaldsvæðisins í Laugardal fyrir langtímaleigu fyrir húsbýla og tjaldvagna á tímabilinu 1. október 2019 - 15. maí 2020, þar sem gert var ráð fyrir að ÍTR myndi annast rekstur þess svæðis sem áætlað er fyrir langtímaleigu.

Lagt er til að gjaldskrá verði sú sama og var sl. vetur, 43.000 kr. á mánuði með aðgengi að rafmagni, snyrtingum, þvottahúsi, sturtum og eldhúsi.

ÍTR mun annast þrif og öryggisgæslu og semja við aðila vegna þessa frá og með 1. nóvember, fram að þeim tíma munu Farfluglar annast þessa þjónustu.

Gert er ráð fyrir að tekjur vegna útleigu muni standa undir þessum kostnaði miðað við áætlaða nýtingu.

Hjálagt fylgja drög að samkomulagi milli ÍTR og leigutaka.


Ómar Einarsson.

Samkomulag um leigu á stæði á húsbílasvæði

Aðilar að samkomulagi

Leigutaki og forráðamaður tækis:

Tæki, skráningarnúmer og lýsing:

Tryggingafélag:

Lögheimili:

Kennitala:

Sími:

Netfang:

Banki:

Húsdýr:

Annar íbúi tækis:

Lögheimili:

Kennitala:

Sími:

Netfang:

Leigusali: Reykjavíkurborg - ÍTR

Lögheimili: Borgartúni 12-14

Kennitala: 530269-7609

Tengiliður: Logi Sigurfinnsson

Sími: 4115900

Netfang: logi.sigurfinnsson@reykjavik.is

Varatengiliður: Þorkell Heiðarsson

Sími: 4115900

Netfang: thorkell.heidarsson@reykjavik.is

Netfang vegna ábendinga: ITR@ITR.is

Hið leigða

Stæði undir húsbíl eða hjólhýsi á afmörkuðu svæði. Aðeins er leyfilegt að hafa eitt tæki. Aðgengi að rafmagni, salerni, sturtu, eldhúsi og þvottaaðstöðu við þjónustuhús á tjaldsvæði er innifalið í leigugjaldi.

Forsendur og leigutími

Samkomulag þetta stendur til boða fólki sem í brýnni húsnæðisþörf fyrir veturinn og hefur ekki önnur úrræði. Tilgangur þessa úrræðis er að brúa bil fyrir fólk þar til því bjóðast önnur úrræði.

Leigutími samkvæmt samningi þessum í langtímaleigu er til 15. maí 2020, nema honum sé sagt upp. Upphafsdagur er _____ 2019.

Öryggisreglur

- Leigutökum er gert að halda lágmarksfjarlægð milli tækja, uppá fjóra metra, m.a. vegna brunavarna
- Beisli hjólhýsa skulu ávalt vísa fram af öryggisástæðum
- Þeir sem leigja stæði, skulu uppfylla öryggiskröfur um meðferð á rafmagni og gasi og bílar skulu vera í ökuhæfu ástandi, vera með skráningarnúmer og tryggingar.
- Heimilt verður að hafa húsdýr í húsbílum og skulu eigendur ábyrgjast gæslu þeirra og þrif eftir dýrin.
- Aðeins skráðum íbúum á svæðinu er leyft að dvelja og/eða nýta aðstöðuna og skulu leigutakar virða það í einu og öllu.
- Umferð bifreiða annara en leigutaka inn á svæðið er óheimil, benda skal gestum á bílastæði.
- Það er á ábyrgð leigjanda að álag tengils sé ekki meira en 16 Amper og hámark 3,5 kw og að allur búnaður sem tengist við tengilinn sé ekki að valda truflunum á rekstri rafmagns. Kostnaður vegna slíkra tilvika getur fallið á leigjanda. Tengja má aðeins eitt 16 A tengi per. gistieiningu, nema við sérstakar aðstæður.
- Ökutæki skal hafa löglega tryggingu og er á ábyrgð eigenda á svæðinu.
- ÍTR mun kaupa öryggisgæslu á svæðinu frá og með 1. nóvember 2019.

Umgengni á svæðinu

- Fara skal í einu og öllu eftir umgengisreglum tjaldsvæðisins sem fylgja með samkomulagi.
- Íbúar skulu staðsetja tæki samkvæmt fyrirmælum starfsfólks Reykjavíkurborgar og Farfugla.
- Íbúar skulu ganga vel um svæðið, þrifa og ganga frá eftir sig við notkun á aðstöðu.
- Öll notkun opins elds er á svæðinu er bönnuð.
- Allt rusl á að fara í ruslagám og óheimilt er að safna rusli upp fyrir utan gistieiningar.
- Svæði kringum tæki skal vera snyrtilegt og með öllu er óheimilt að hafa hvers kyns hluti eða hirslur fyrir utan tækið, s.s. tjöld, kassa, plastpoka o.s.frv.
- Umgangur og afnot á aðstöðu Farfuglaheimilis er eingöngu fyrir skammtímagesti.
- Öll notkun ólöglegra fíkniefna er stranglega bönnuð á svæðinu og varðar brottrekstur af svæðinu.
- Heimilt verður að hafa húsdýr í húsbílum og skulu eigendur ábyrgjast gæslu þeirra og þrif eftir dýrin.

- Gestir skulu virða aðra gesti svæðisins og skal vera ró á svæðinu milli kl.23.00 og 07.00
- Gestir eru beðnir um að koma greiðslumiðum fyrir þannig að hægt sé að lesa af þeim.
- Stranglega bannað er að gera þarfir sínar annars staðar en á salernum.

Brot á öryggisreglum eða umgengisreglum getur falið í sér tafarlausan brottrekstur af svæðinu.

Samskipti

- Erindi er varða svæðið og samkomulag við Reykjavíkurborg skulu fara í gegnum tengilið á skrifstofutíma á virkum dögum. Erindi skulu berast í tölvupósti ef kostur er en annars í síma.
- Ekki skal bera erindi eða ábendingar upp við starfsfólk Farfugla þar sem þau koma ekki að rekstri langtímastæða. Hvers kyns ábendingum skal koma til tengiliðs Reykjavíkurborgar.
- Erindi Farfugla vegna mála sem upp koma á tjaldsvæðinu skal beina til ÍTR
- Komi upp mál er varða öryggi á svæðinu skal hafa samband við öryggistengilið ÍTR eða Lögreglu ef þess er þörf.
- Ef brýn mál t.d. tengd bilunum, koma upp um helgar, kvöld eða nætur, skal hafa samband við öryggistengilið ÍTR. Dæmi um þetta væri rafmagnsbilun.

Fjárhæð leigu og greiðslufyrirkomulag.

Leiga á stæði með rafmagni og aðstöðu er 43.000 kr. á mánuði einn einstakling. 15.000 kr. á mánuði er fyrir hvern aukaeinstakling.

Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð skv. reikningi frá Reykjavíkurborg. Gjald dagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 7. hvers mánaðar.

Verði leiga ekki greidd verður viðkomandi vísað af svæðinu. Skuldi leigutaki Farfuglum fyrir undirritun samnings þessa vegna vetursins 2018-2019 skal hann ekki undirritaður án þess að það sé uppgert.

Með undirritun samnings þessa staðfestist að leigutaki hefur kynnt sér og samþykkt innhald samkomulagsins og reglur svæðisins.

Staður og dagsetning:

Leigutaki

F.h. Reykjavíkurborgar